

Titill / Title	Bragð og beitarhagar. Framvinduskýrsla		
Höfundar / Authors	Rósa Jónsdóttir, Aðalheiður Ólafsdóttir, Óli Þór Hilmarsson og Guðjón Þorkelsson		
Skýrsla / Report no.	45-09	Útgáfudagur / Date:	Desember 2009
Verknr. / project no.	1008 1915		
Styrktaraðilar / funding:	Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Landbúnaðarháskóli Íslands		
Ágrip á íslensku:	<p>Verkefnið snýst um að rannsaka og kanna hvort munur sé á eiginleikum og bragði lambakjöts eftir beitarhögum og uppruna lamba í þeim. Tilgangurinn er að styrkja enn frekar grunninn fyrir vinnslu og sölu lambakjöts beint frá býli út frá sérkennum hvers svæðis. Verkefnið er unnið í samstarfi Austurlands, Búnaðarsambands Austurlands, bæjanna Hákonarstaða og Stóru-Breiðuvíkur, Gunnarsstaða, Matis og Félags matreiðslumeistara. Það skiptist í undirbúning hjá bændum, slátrun og sýnatöku, mælingar á bragð- og lyktarefnum, mat á matreiðslueiginleikum, uppgjör og kynningu á Fræðapingi landbúnaðarins og gerð kynningarefnis fyrir viðkomandi býli/svæði til að nota í markaðsstarfi og loks ritun vísindagreinar um rannsóknina. Með verkefninu er vonast til að geta greint í smáatriðum frá bragði og eiginleikum kjöts lamba af mismunandi beitarhögum til að nota þegar kjötið er selt á markaði fyrir staðbundið lambakjöt jafnt í netverslun, í ferðaþjónustu, veitingahúsum og öðrum sælkeramarkaði svo hægt sé að fá herra verð fyrir kjötið og meiri arðsemi beint á býlið. Viðkomandi býli og Austurlamb munu hagnýta sér niðurstöðurnar í kynningar og markaðsstarfi jafnframt því sem verkefnið nýtist öðrum framleiðendum og vinnsluáðilum lambakjöts.</p> <p>Öllum undirbúningi, slátrun, sýnatöku og mælingum er lokið og verið er að vinna úr niðurstöðum. Lokaskýrsla og birting niðurstaða er að vænta í febrúar á Fræðapingi landbúnaðarins. Í lok janúar er stefnt að hálfsdags málþingi um áhrif beitarhaga á bragð lambakjöts, haldið í Matvælkólanum í Kópavogi með þátttöku Matis, Matvælkólans, sauðfjárbænda og matreiðslumeistara.</p>		
Lykilorð á íslensku:	Beitarhagar, bragð, lambakjöt		